

Nr. 50.

10.
nóvbr.

Lög

um

atvinnu við siglingar.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi í innanlandssiglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12 smálestir, en ekki yfir 30 smálestir, að hlutaðeigandi sanni með prófvottorði þriggja valinkunnra skipstjóra, sem bæjarfógeti tilnefnir, að hann

- a) kunnir að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hafi þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
- b) kunnir að nota áttavita;
- c) kunnir að nota skipshraðamæli;
- d) þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingar;
- e) hafi stundað siglinga-atvinnu minnst 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 smálestir.

Stjórnarráðið semur reglur um prófið, sem aðeins fer fram í kaupstað, og fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi í innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 30 smálestir, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem skipstjóri í innanlands-siglingum.

3. gr.

Rjettur til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku skipi, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi fengið skírteini sem skipstjóri í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, er rjetturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini það, sem getur um í 14. gr.

4. gr.

Rjettur til að vera stýrimaður í innanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 70 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi fengið skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum.

Nr. 50. Lög 10. nóvember um atvinnu við siglingar.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

LOV

Nr. 50.
10.
Novbr.

om

Sønæringen.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Det skal med de af denne Lov flydende Indskrænkninger være enhver tilladt at ernære sig ved Søfart med islandsk Skib.

§ 2.

Ret til i den indenlandske Fart at føre islandsk Skib af over 12, men ikke over 30 Tons er betinget af, at vedkommende ved et af tre gode, af Byfogden udmeldte Skibsførere udstedt Eksamensbevis godtgør, at han

- a. kan bestemme Skibets Sted i Kortet og har Kendskab til Søkort samt disses Brug i det Hele taget;
- b. kan benytte Kompasset;
- c. kan benytte Loggen;
- d. kender de internationale Regler for at undgaa Paasejling;
- e. har i det mindste i 24 Maaneder faret til Søs med Skibe af ikke under 12 Tons.

Ministeriet fastsætter Reglerne for Prøven, der kun kan afholdes i en Købstad, samt affatter Skema for Eksamensbeviserne.

Ret til i den indenlandske Fart at føre islandsk Skib af over 30 Tons er betinget af, at vedkommende har erhvervet Bevis som Skibsfører i den indenlandske Fart.

§ 3.

Ret til imellem Island og andre Lande at føre islandsk Skib er betinget af, at vedkommende har erhvervet Bevis som Skibsfører i udenlandsk Fart. Er det paa-gældende Skib et Dampskib, er Retten endvidere betinget af, at vedkommende har erhvervet det i § 14 omhandlede Bevis.

§ 4.

Ret til i den indenlandske Fart at fare som Syrmand i islandsk Skib af over 70 Tons er betinget af, at vedkommende har erhvervet Bevis som Styrmand i den indenlandske Fart.

Nr. 50. Lov 10. November om Sønæringen.

Nr. 50.
10.
nóvbr.

5. gr.

Rjettur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er minna en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi fengið skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum og hafi auk þess verið stýrimaður innanlands 12 mánuði.

6. gr.

Rjettur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem stýrimaður í utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rjetturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðauka-skírteini það, er getur um í 14. gr.

Viðauka-skírteini það, sem ræðir um í grein þessari og 4. gr., er þó óþarft, ef maður hefur staðizt hið almenna danska stýrimannspróf eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

7. gr.

Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi til ferða milli Íslands og annara landa, nema því að eins, að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzkt skip, sem meira er en 70 smálestir, má afgreiða eða láta fara í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa einn stýrimaður auk skipstjóra.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað á Íslandi, nema því að eins, að skilyrðum þeim sje fullnægt sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvjel skipsins, er því hefur verið fengin samkvæmt 15. gr., og sem til tekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vjelina.

8. gr.

Til að öðlast skírteini sem skipstjóri í innanlands-siglingum útheimtist:

- a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði;
- c) að hann hafi rjett innboriunna manna eða sje heimilisfastur í Danaveldi;
- d) að hann sje fullveðja;
- e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- f) að hann sanni, að sjón hans sje svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra.

9. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem skipstjóri í utanlands-siglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 8. gr. liðunum c—f:

- a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, sem hefur sama gildi eptir dönskum lögum;
- b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði, og á þeim tíma farið tvisvar milli landa, eða hann hafi siglt sem skipstjóri tvisvar milli landa.

Nr. 50. Lög 10. nóvember um atvinnu við siglingar.

§ 5.

Nr. 50.
10.
Novbr.

Ret til at fare som Styrmand i islandsk Skib af under 100 Tons i den udenlandske Fart, er betinget af, at vedkommende har erhvervet Bevis som Styrmand i den indenlandske Fart og desuden faret i 12 Maaneder som Styrmand i samme Fart.

§ 6.

Ret til at fare som Styrmand i islandsk Skib af over 100 Tons i Farten mellem Island og andre Lande, er betinget af, at vedkommende har erhvervet Bevis som Styrmand i den udenlandske Fart.

Er det paagældende Skib et Dampskib, er Retten endvidere betinget af, at vedkommende har erhvervet det i § 14 omhandlede Tillægsbevis.

Saa vel i dette som i det i § 4 omhandlede Tilfælde er Tillægsbeviset dog overflødig, saafremt den paagældende har bestaaet den almindelige danske Styrmandseksamen, eller en anden efter den danske Lovgivning dermed i Klasse staaende Eksamen.

§ 7.

Intet islandsk Skib maa udklareres fra nogen Havn her i Landet til Fart mellem Island og andre Lande uden at have til Tjeneste ombord, foruden Føreren, i det mindste 1 Styrmand, og paa Dampskibe af over 300 Tons, 2 Styrmand.

Til indenlandsk Fart maa intet islandsk Skib af over 70 Tons udklareres eller afgaa uden at have til Tjeneste ombord, foruden Føreren, 1 Styrmand.

Endelig maa intet islandsk Dampskib udklareres eller afgaa fra islandske Farvande til hvilken som helst Fart, uden at de Betingelser med Hensyn til Maskinpersonalets Størrelse og Beskaffenhed, som indeholdes i det Skibet i Henhold til § 15 meddelte Regulativ for Maskinbetjeningen, ere opfyldte.

§ 8.

Til Erhvervelse af Bevis som Skibsfører i den indenlandske Fart udkræves:

- a. at vedkommende har bestaaet den mindre fuldstændige Styrmandseksamen ved Navigationsskolen i Reykjavik;
- b. at han har gjort Tjeneste som Styrmand i 12 Maaneder;
- c. at han har Indfødsret eller fast Ophold i den danske Stat;
- d. at han er fuldmyndig;
- e. at han ikke ved Dom er funden skyldig i en i den offentlige Mening vanærende Handling;
- f. at han præsterer Bevis for, at hans Syn har den for Skibsførere nødvendige Fejlfrihed.

§ 9.

Til Erhvervelse af Bevis som Skibsfører i den udenlandske Fart udkræves foruden de i § 8 c—f ommeldte Betingelser:

- a. at vedkommende har bestaaet den mere fuldstændige Styrmandseksamen ved Navigationsskolen i Reykjavik, eller den almindelige danske Styrmandseksamen, eller en anden efter den danske Lovgivning dermed i Klasse staaende Eksamen;
- b. at han har faret som Styrmand i 12 Maaneder og i den Tid gjort to Farter mellem Island og andre Lande, eller at han to Gange har ført Skib mellem Island og andre Lande.

Nr. 50.
10.
nóvbr.

10. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum útheimtist:

- a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b) að hann hafi verið fullgildur háseti á þilskipi í 12 mánuði;
- c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningssáliti;
- d) að hann sanni, að sjón hans sje svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

11. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður í utanlandssiglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 10. gr. liðunum c og d:

- a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;
- b) að hann hafi verið í förum sem fullgildur háseti í utanlands-siglingum í 12 mánuði, eða farið tvær ferðir landa á milli sem stýrimaður.

12. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hjer að framan, eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem talin eru í 8.—10. gr. Skírteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða sje hann hvergi búsettur í landinu, þá á þeim stað, þar sem hann eða umboðsmaður hans er staddur, þegar beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skírteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimanns-skírteini skal greiða 2 kr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skírteinis, og skal hann þá senda kæru sína stjórnarráði Íslands, sem þá gerir út um málið; en við það skerðist eigi rjettur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

13. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá prófkröfum þeim og skilyrðum að því er sjómennsku snertir, sem nefnd eru í 7.—11. gr.

Sömuleiðis getur stjórnarráðið um næstu 10 ár veitt þeim manni, er fengið hefur skírteini sem skipstjóri í innanlandssiglingum, rjett til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku seglskipi, sem er minna en 100 smálestir, hafi hann verið skipstjóri í innanlandssiglingum í 18 mánuði.

14. gr.

Sá, er öðlast hefur skírteini sem skipstjóri eða stýrimaður í utanlands-siglingum, og sem því næst færir sönnur á það annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvjelafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvjelum, sem nauðsynleg er til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðauka-skírteini þessu til sönnunar hjá stjórnarráði Íslands.

Nr. 50. Lög 10. nóvember um atvinnu við siglingr.

§ 10.

Nr. 50.
10.
Novbr.

Til Erhvervelse af Bevis som Styrmand i den indenlandske Fart udkræves:

- a. at vedkommende har bestaaet den mindre fuldstændige Styrmandseksamen ved Navigationskolen i Reykjavik;
- b. at han i 12 Maaneder har faret med en Dæksbaad som Matros;
- c. at han ikke ved Dom er funden skyldig til Straf af offentligt Arbejde for en i den offentlige Mening vanærende Handling;
- d. at han præsterer Bevis for, at hans Syn har den for Styrmand nødvendige Fejlfrihed.

§ 11.

Til Erhvervelse af Bevis som Styrmand i den udenlandske Fart udkræves foruden de i § 10 c og d ommeldte Betingelser:

- a. at vedkommende har bestaaet den mere fuldstændige Styrmandseksamen ved Navigationsskolen i Reykjavik, eller den almindelige danske Styrmandseksamen, eller en anden efter den danske Lovgivning dermed i Klasse staaende Eksamen;
- b. at han i 12 Maaneder har faret til Søes i udenlandsk Fart som Matros, eller gjort to Farter som Styrmand mellem Island og andre Lande.

§ 12.

De i §§ 8—10 omhandlede Beviser, der, naar de ovennævnte Betingelser ere tilstede, ikke kunne nægtes vedkommende, udstedes efter en af Islands Minister nærmere foreskreven Formular af Politimesteren paa det Sted, hvor vedkommende har sin Bopæl, eller, naar han intetsteds i Landet har Bopæl, da paa det Sted, hvor han eller hans Fuldmægtig opholder sig paa den Tid, da Begæringen fremsættes.

Bevis som Skibsfører betales med 4 Kr., der tilfalde Landskassen. Beviset som Styrmand betales med 2 Kr.

Den, der vil anke over en af Politimesteren med Hensyn til Bevisernes Udstedelse tagen Beslutning, har at rette sin Besværing til Islands Ministerium, der da afgør Sagen, dog uden at vedkommendes Adgang til at faa Spørgsmaalet afgjort af Domstolene derved indskrænkes.

§ 13.

Fra de i §§ 7—11 ommeldte Eksamensfordringer og Betingelser med Hensyn til Befarenhed kan Ministeriet under særlige Omstændigheder dispensere.

Ligeledes kan Ministeriet i de næstkommende 10 Aar meddele den, der har erhvervet Bevis som Skibsfører i den indenlandske Fart, Ret til at føre islandsk Sejlskib af under 100 Tons i den udenlandske Fart, forsaavidt han har ført Skib i den indenlandske Fart i 18 Maaneder.

§ 14.

Islands Ministerium kan meddele den, der har erhvervet Bevis som Skibsfører i den udenlandske Fart eller som Styrmand i samme Fart, og som enten ved Attest for i Danmark at have bestaaet en Eksamen i Maskinlære eller paa anden Maade godtgør at være i Besiddelse af den til at være Fører af eller Styrmand paa Dampskib fornødne Maskinkyndighed, et Tillægsbevis herfor.

Nr. 50. Lov 10. November om Sønæringen.

Nr. 50.
10.
nóvbr.

15. gr.

Á hverju íslenzku gufuskipi, skal vera reglugjörð um gæzlu á gufuvjelinni, er ráðherra Íslands gefur út; skal í henni gera ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestafl vjelarinnar, hverjum skilyrðum vjelaliðið skuli fullnægja að því, er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gjörð síðar á vjel skipsins eða kötlum þess, að hestaafið eykst að mun, og skal útgerðarmaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugjörð.

16. gr.

Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgjört skírteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgjört skírteini sínu sem stýrimaður

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum; sje brotið ítrekað, geta sektirnar stigið allt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Skilyrði fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi í innanlands-siglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa áður en lög þessi öðlast gildi.

19. gr.

Lög nr. 29, 26. okt. 1893 um atvinnu við siglingar eru úr gildi numin.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 15.

Nr. 50.
10.
Novbr.

Ethvert islandsk Dampskib skal være forsynet med et af Islands Minister udstedt Regulativ for Maskinbetjeningen, hvorved under Hensyn til forelagte Oplysninger om Maskinens Hestekraft er fastsat, hvilke Fordringer Skibets Maskinpersonale med Hensyn til Antal og Uddannelse skal fyldestgøre.

Underkastes Skibets Maskiner eller Kedler senere saadanne Forandringer, hvorved Hestekraften væsentlig forøges, er Rederen pligtig til at erhverve et nyt Regulativ.

§ 16.

Bevis som Skibsfører forbydes, naar vedkommende ved Dom findes skyldig i en i den offentlige Mening vanærende Handling.

Bevis som Styrmand forbydes, naar vedkommende ved Dom findes skyldig til Straf af offentlig Arbejde for en i den offentlige Mening vanærende Handling.

§ 17.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder af indtil 200 Kr., der i Gentagelsestilfælde kunne stige til 400 Kr. Bøderne tilfalde Landskassen.

Overtrædelserne paatales af det offentlige, og Sagerne behandles efter de for offentlige Politisager gældende Regler.

§ 18.

Betingelserne for at være Skibsfører eller Styrmand paa et Skib i den indenlandske Fart blive dog uden Anvendelse paa dem, der før denne Lovs Ikrafttræden have drevet en saadan Næringsvej.

§ 19.

Lov Nr. 29 af 26de Oktbr. 1893 om Sønæringen ophæves.

§ 20.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1906.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 10. November 1905.

H. Hafstein.

Olafur Halldórsson.